

Minning

Edilon Kristófersson

Ólafsvík

Fæddur 15. sept. 1905
dáninn 27. febr. 1980.

I dag verður jarðsettur frá Ólafsvíkarkirkju einn af gömlum sjógoörpum Ólafsvíkur, Edilon Kristófersson. Hann lést á Landspítalanum í Reykjavík þann 27. febr. s.l.

Edilon var fæddur í Ólafsvík og átti þar heima alla ævina, að undanskildu síðasta æviárinu í Reykjavík.

Foreldrar hans voru hjónin Kristófer Sigurðsson, sjómáður í Ólafsvík, og Vigdís Bjarnadóttir. Var fjölskyldan kennd við bæinn „Kaldalæk“, þar sem þau áttu heima.

Kristófer fæðir Edilons var mikill sjósóknari í Ólafsvík, en farkostirnir í þá daga voru opnir arabátar. Hann druknaði í fiskiröðri ásamt allri skipshöfn þar á meðal einum sona hans. Edilon var þá 13 ára. Hann varð því snemma að taka þátt í harðri baráttu fyrir lífinu sem fyrirvinna heimilisins ásamt fósturbróður sínum, Ingva Kristjánssyni, sem á nú heima í Stykkishólmi, en milli þeirra hafa ávallt verið traust og sterk vinabönd.

Edilon byrjaði sem sjómáður 14 ára gamall og var það nær óslitið í rúmlega 40 ár, þar af mörg ár á togurum, en í þá daga komust á slík skip ekki nema hraustustu fiskimennirnir. Það var heldur ekkert léttaverk að róa á opnum róðrarskipum frá hafnlausri strönd á þessum árum. Eftir strangan róður þurftu þessir menn að setja upp þunga bátana á sínu eigin afli eftir hvern róður.

Núttímafólk fær ekki skilið hvernig þetta er hægt, en þetta varð að vera hægt, um annað var ekki að ræða, en margir báru þessa menjar alla ævina. Edilon upplifði þar á 40 ára sjómannaævi að vera í takt við framfarir — vélknúin skip og hafnarbætur. Hann tók þátt í þeim framförum í sjávarþorpinu sínu Ólafsvík af lífi og sál.

Edilon hafði sérstaka hæfileika sem sjómáður. Hann var meðal þeirra fágætu sjómanna, sem þekkti öll mið á Breiðafirði og í kringum Snæfellsnes eins og stofugólfid heima hjá sér. Það þurfti ekki mælitæki í báta sem Edilon var innanborðs á Breiðafjarðarmiðum. Hans leiðsögn var örugg og veðurglögur var hann með afbrigðum. Eftir að hann hætti sjósókn fræddi hann unga sjósóknara um leyndardóma miðanna. Allir undrúðust hæfni hans á þessu sviði. Um langt árabíl var Edilon fenginn til að vera löbs á erlendum skipum, er þurftu að sigla milli hafna á Snæfellsnesi, enda fáir kunnugri um Breiðafjörð.

Árið 1933 gekk Edilon að eiga eftirlifandi konu sína, Lilju Agústsdóttur frá Lýshóli í Stabarsveit, frábæra dugnaðarkonu. Þau stofnuðu heimili í Ólafsvík. Sambúð þeirra var farsæl. Þau voru samstíga í að komast upp úr fátækt og kreppu fyrstu sambúðaráranna, enda bæði hamhleypur til allrar vinnu. Lilja Agústsdóttir er sérstökum hæfileikum gædd sem handiðnaðarkona. Þau eignuðust fjögur börn, sem öll eru uppkomin:

Aðalheiður, gift Sveini Kristjánssyni kennara í Reykjavík, Magnea, gift Hellert Jóhannessyni, rannsóknarlögr. Rvk. Kristófer, giftur Asthildi Geirmundsdóttur, Ólafsvík. Gústaf, giftur Bergljótu Óladóttur, kennara. Barnabörninn eru 13.

Öll eru börn þeirra myndarfólk, sem eiga traust samferðamanna, hafa fengið í arf dugnað og mann-kosti foreldra sinna.

Með Edilon Kristóferssyni er fallinn í valinn einn af tímamóta-



mönnum Ólafsvíkur. Hann lifði í æsku tímabil fátæktar og harðrar baráttu íbúanna við að draga björg í bú til að framfleyta lífinu. Hann er einn af þeim sem ekki bognaði, enda þeim eiginleikum gæddur að sjá fremur bjartari hlíðar lífsins. Hann lifði miklar umbreytingar í heimabyggð, tók þátt í framförum, af sönnum áhuga, þar stóðu hans rætur. Edilon var alla ævina sannur félagshyggjumáður. Hann tók virkan þátt í verkalyðsbaráttunni, var einn af frumherjum í réttlætisbaráttu fyrir bættum kjörum í sinni heimabyggð. Hann var einn af áhugamönnum og stofnandi samvinnuverslunar í Ólafsvík 1943, sem rauf atvinnulega einokun á staðnum með byggingu nýtsku frystihúss og útgerð. Með sama áhuga var hann einn af stofnendum byggingarsamvinnufélags, sem byggði 10 íbúðarhús 1943-1945. Þau Lilja og Edilon eignuðust eitt húsið, „Arnarholt“ að Grundarbraut 14 þar sem þau áttu fallgett heimili allt til 1978, er þau fluttu til Reykjavíkur að Asparfelli 6.

Eftir að Edilon hætti sjómennsku hóf hann störf við fiskverkun, aðallega í frystihúsinu. Vann hann svo til óslitið fram á síðustu árin, jafnvel eftir að hann missti heilsuna. Hann var úrvals verkamaður við hvað sem hann starfði, vinsæll hjá öllum, enda glaðvær og tillögugóður. Hann lagði ávallt gott til mála, enda gæddur miklum félagsproska og lífsreynslu.

Edilon var sérstaklega fróður um menn og málefni, hafði stálminni, var mikill sögumaður, hann hafði yndi af því að rifja upp atburði lífinna ára og kunnir ógrynni af kveðskap og drápum eftir ýmsa samferðamenn, er skaði að ekki skyldi hafa verið unnið að því að skrú eftir honum þennan fágæta fróðleik. Edilon var frændrakinn með afbrigðum og mikill fjölskyldufábir.


Ég átti því láni að fagna að eiga trunad hans og traust, þar sem mér fannst mest áberandi í fari hans var væntumþykja hans til umhverfisins. Saga byggðarlagsins, örnefnin, fiskimiðin, fá að lifa með og taka þátt í framförum. Allt aubgabi þetta líf hans og tilveru, létti honum lífsbaráttuna og heilsuleysi síðustu árin. Slíkir menn hafa áhrif, skilja eftir sig góðar minningar.

Ég þakka Edilon samfylgdina. Fyrir hönd Ólafsvíkur flyt ég honum þakki fyrir framlag hans við að gera Ólafsvík að byggilegum stað, sem nú á bjarta framtíð. Trú hans á staðinn bilabi aldrei, hann lifði það að sjá þá trú rætast.

Við hjónin flytjum Lilju, börn- um þeirra og öðrum ástvinum hans innilegustu samúðarkveðjur og bjðjum guð að blessa þeim minninguna.

Minningin um líf og starf Edilons Kristóferssonar mun lifa.

Alexander Stefánsson.



Baltasar í nýjum myndheimi

Spænsk-íslenski málari Baltasar, hefur nú dvalið hér á landi í tvo áratugi eða svo, og framlag hans til listarinnar hefur verið margvíslegt. Það má benda á frábærar teikningar hans í Lesbók Morgunblaðsins, en í því sambandi lærðu margir nafn hans í fyrsta skipti, og svo hefur hann gjört fjölda bóklýsinga, og smám saman hefur tilvist þessa myndlistarmanns seytilað inn í vitund okkar, inn í íslenskt þjóðlíf og listheimur hans er nú ógreinanlegur frá okkar eigin.

A hinn bóginn hafa málverk hans líklega ekki átt eins greiðan aðgang að „gáfumönnum“. Þessi forneskjulegi dimmi litur sem uppruna sinn á í safnkulda og rökkri miðalda, samlagabist ekki hinum frjálsa og djarfa tónstiga Norður-Evrópu og Íslands, þrátt fyrir annars afburða góða tækni bæði í teikningu og eins í listmálum, og maður hafði það hálfvegis á tilfinningunni að hann myndi aldrei losna úr hlekkjum við skólastil betri myndlistarskóla á Spáni og hinnar spænsku myndheftar.

Að vísu voru málverk hans

metin, einkanlega portret og glæsilegar hestamyndir, þar sem íslenski brúkonarklárinn birtist í anda arabískra gæðinga, er runnu með eldhráða yfir landið.

Eftir að hafa séð erlendar landkynningarkvikmyndir, varð mér það ljóst, að útlendingar sáu landið betur að mörgu leyti en Íslendingar. Eins og maður greinir hljófall og dialekt skyldra erlendra mála mjög auðveldlega, er örbrugra fyrir okkur að greina viss einkenni vörrar eigin tungu.

Ísland varð að mála á vissan og hefðbundinn hátt, og þær hefðir má rekja í listaskóla Norðurlandanna og þeirrar venju er hér hafði skapast.

Þó Baltasar sé í vitund okkar örðinn íslenskur fyrir löngu, hafði málverk hans ekki náð því er maður gjarnan nefnir þjóðlegri fótfestu. Hann var dálítið einn á báti í myndverkinu, með hina dimmu og gráu liti er bar fyrir augu hans og hjarta.

Ög framundan virtust hin brúnu og gráu litahöf, er aldrei ætluðu að taka enda.

Ný leið fundin.

Það var því sérstakt ánægju-efni að heimsækja sýningu hans á Kjarvalsstöðum núna, en sýningin stendur frá 1.-16. þessa mánaðar. Nú hafa orðið alger umskipti, hinn dimmi og fornlegi litur er horfinn og við okkur

Jónas Guðmundsson

MYNDLIST

blasir ólýsanleg gleði og vegir liggja til allra átta.

Alls munu sýndar þarna 42 myndir. Allar stórar, eða flestallar að minnsta kosti. Þarna eru 8 myndir við Fáka Einars Benediktssonar, þrjár eða fjórar við annað skáld, Pablo Neruda, en síðan koma önnur myndefni og fjölbreytnin er ótrúleg, enda þótt hamin sé innan hins nýja myndheims, er nú er fundinn.

Ahrifamesta verkið er líklega Sakarof Kenningum hafnað og Veldi sem var. Annars er það fyrst og fremst þessi ný myndheimur er vér fögnum, því afli sem nú hefur verið leyst úr læðingi, án þess að nokkuð hafi í rauninni glatast er verðmætast var áður.

Ög fögnuður okkar er mikill og einlægur.

Vandi að tengjast nýlist.

Það er ávallt nokkur vandi er því fylgir fyrir rótgróna málara að tengjast nýlist, eða endurnýja sig í viðhorfum samtímans. Við höfum næg dæmi um nær fátænlega eftirþöpun, dæmi um það. Þegar enginn árangur næst og ver var farið en heima setið. Stökkbreytingar eru yfirleitt ekki æskilegar, af því að þær mistakast svo oft, og þótt hræðsla og úrræðaleysi sé ekki öllu betri kostur, þá er það einu sinni svo, að áhættan er þó af tvennu illu oftast skárri.

Við getum nefnt ýms erlend nöfn er óhjákvæmlega tengjast endurnýjun Baltasars, en ég tek þó ríkt fram, að persónuleg einkenni hans sjálfs eru yfirleitt yfirsterkari en annað. Manni koma í hug nöfn Richard Hamilton, Allen Jones, Erro og Pistoletto, að ógleymdum Francis Bacon, en hjá þeim síðasttalda hafa nokkrir ungir menn verið í föstu fæði í bráðum áratug.

Það sem gerir gæfumuninn hjá Baltasar er að hann er fyrst og fremst að gera málverk, mála mynd, listaverk, en ekki að fá sér í nefið hjá frægu fólki. Þessar myndir eru málverk miklu fremur en annað. Hann hefur fært sig til í lit og tónstiga, í stað þess að ráða sig í tiskuvist hjá einstökum mönnum.

Ég hvet menn til þess að skoða þessa sýningu.

Jónas Guðmundsson

Pétur Behrens


Þeir Baltasar og Pétur Behrens „leiða nú saman hesta sína“ á Kjarvalsstöðum, en þeir eiga það sammerkt að vera fæddir undir erlendum himni, en gjörðust síðan Íslendingar og starfa að myndlist, og hluti af myndheimi þeirra er m.a. íslenski hesturinn. Þeir sýna nú báðir á Kjarvalsstöðum, sá fyrrnefndi í vestursal, en Pétur Behrens sýnir í suðurgangi vestrálmú, þar sem gjört hefur verið ágætt sýningarpláss fyrir minni sýningar.

Þetta er ný hugkvæmni í notkun hússins þótt auðvitað hafi ýmsar myndir áður verið sýndar á þessum stað, en þá venjulega til að auka rými fyrir viðameiri sýningar.

Um sýningu Baltasars hefur verið fjallað sérstaklega, því þarna eru tvær sýningar á sama tíma, en ekki er um samsýningu tveggja listamanna að ræða.

Pétur Behrens

Pétur Behrens er ekki mjög þekktur myndlistarmaður á höfuðborgarsvæðinu, þótt kunnur muni hann mörgum utan sinnar heimabyggðar, fyrir austan fjall, og þá sér í lagi fyrir afskipti sín af hrossum. Hann er kynntur sýningargestum með svofelldum orðum:



Pétur Behrens er fæddur 1937 í Hamborg í Þýskalandi. Þar vann hann á teiknistofu um skeið en stundaði síðan nám við Meisterschule für Grafik og Hochschule für Bildende Kunst in Berlin 1956-60. Hann fluttist til Íslands 1962, gerðist síðar íslenskur ríkisborgari og býr með fjölskyldu sinni í Keldnakoti í Flóa. Pétur Behrens stundaði lengst af myndlist með öðrum störfum en hann hefur einkum fengist við auglýsingateiknun, teiknikennslu við myndlistarskólana í Reykjavík auk þess sem hann hefur helgað íslenska hestinum ótalinn tíma. Myndlistin er nú aðal viðfangsefni hans. Pétur Behrens sýndi í fyrsta sinn myndir sínar á Sel-fossi 1976 og er þetta því önnur einkasýning hans á Íslandi.

Myndirnar á Kjarvalsstöðum.

Þetta eru vel gerðar myndir og vandaðar. Þær eru á hinn bóginn ekki á neinn hátt djarfar, hvorki í lit, eða línu, heldur fyrst og fremst sannorður annáll um það sem á dagana hefur drifið. Hann malar sveitunga sína og mannamyndir hans eru líka sannorðar, fremur þá eins og einkabréf innan sveitarinnar en sem málverk. Svo eru líka snilldar vel gerðar myndir innan um og saman við, er höfða til allra, og nefni ég sem dæmi gráa mynd af skjáfari og indæla mynd, sem ber heitið „Réttin í mýrinni“. Pennateikningin „DC 6“ er líka kröftugt spil, þótt smá sé í sniðum.

Það sem Pétur Behrens sannar fyrst og fremst með þessari sýningu er að hann getur verið líbtækur listamaður, því hann ræður þegar yfir ágætri kunnáttu, er hann þarf að aðlaga nýjum myndheimi.

Jónas Guðmundsson